

Miðvikudaginn 16. júní 1948.

Nr. 4/1948.

**Alþýðusamband Íslands f. h.
Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

Síldarbræðslustöðinni á Dagverðareyri h/f

(Magnús Thorlacius hrl.).

Ágreiningur um skilning á kjarasamningi.

Dómur.

Hinn 5. júlí s.l. var gert samkomulag milli Síldarbræðslustöðvarinnar á Dagverðareyri h/f og fleiri annars vegar og Alþýðusambands Íslands f. h. nokkurra verkálýðsfélaga hins vegar, þar á meðal Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps um það, að samningar um kaup og kjör í síldarverksmiðjum á Skagaströnd, Dagverðareyri, Krossanesi, Húsavík og Raufarhöfn skyldu færast til samræmis við samninginn milli Síldarverksmiðju ríkisins og Þróttar, þannig að sama kaup og sértakstar giltu í framangreindum verksmiðjum og á Siglufirði. Segir í 3. málsgrein samkomulagsins, að sérákvæði, sem teljist til hlunninda í samningum milli einstakra verksmiðja og verkálýðsfélaga, sem hlut eiga að máli, skuli haldast óbreytt. Er breyta skyldi eldri samningi (frá 28/4 1947) milli Síldarbræðslustöðvarinnar á Dagverðareyri h/f og Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps, til samræmis við samninginn milli Síldarverksmiðja ríkisins og Þróttar á Siglufirði var því haldið fram af hálfu verkamannafélagsins, með stoð í 3. málsgr. samkomulagsins frá 5. júlí, að ákvæði eldri samningsins um kaffitíma alla svo og ákvæði hans um skiptingu sólarhringsins í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu utan tryggingartíma skyldu tekin upp óbreytt í hinn nýja samning milli aðiljanna, þar eð þau væru mun hagstæðari verkamönnum en tilsvarendi ákvæði í samningnum milli Síldarverksmiðja ríkisins og Þróttar. Á þenna skilning vildi stjórn Síldarbræðslustöðvarinnar á Dagverðareyri h/f ekki fallast. Varð það þó úr, að hinn 28. júlí 1947 undirrituðu Verkamannafélag Glæsibæjarhrepps og Síldarbræðslustöðin á Dagverðareyri h/f nýj-

an samning, er orðaður hafði verið í samræmi við samninginn milli Síldarverksmiðja ríkisins og Þróttar, en af hálfu verkamannafélagsins var samningurinn undirritaður með fyrirvara um framangreind atriði, (lengd kaffitíma og skiptingu sólarhringsins í vinnutímabil), og áður hafði félagið í bréfi til Síldarbræðslustöðvarinnar áskilið sér rétt til að leita úrskurðar Félagsdóms um ágreiningsatriðin.

Alþýðusamband Íslands hefur nú höfðað mál þetta f. h. Verkamannafélags Glæsibæjarhrepps með stefnu 14. maí s. l. gegn Síldarbræðslustöðinni á Dagverðareyri h/f. Hefur stefnandi gert þær réttarkröfur hér fyrir dómi, að dæmt verði, að stefnanda hafi borið réttur til að fá inn í samninginn frá 28. júlí 1947 jafnmarga og jafnlanga kaffitíma og verið höfðu áður samkvæmt samningi aðiljanna frá 28. apríl 1947 og að stefnanda hafi borið réttur til að fá inn í samninginn frá 28. júlí 1947 sömu skiptingu sólarhringsins í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu og gilt hafði eftir samningnum frá 28. apríl 1947, þó að undanteknum tryggingartímanum frá 8. júlí til 8. sept., að báðum dögum meðtöldum.

Þá gerir stefnandi þá kröfu, að stefnda verði dæmt skylt að bæta verkamönnum það tjón, sem þeir hafa beðið af því að vinna eftir samningnum frá 28. júlí 1947 þannig úr garði gerðum, sem raun varð á.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Framangreindar kröfur sínar um upptöku þeirra ákvæða í samningi aðiljanna frá 28. apríl 1947, sem varða kaffihlé og skiptingu sólarhrings í vinnutímabil, í hinn nýja samning, reisir stefnandi á því, að þessi ákvæði séu, eins og áður hefur verið dregið á, verulega hagstæðari en tilsvareandi ákvæði í samningi Síldarverksmiðja ríkisins og Þróttar. Bendir hann í þessu sambandi á, að í samningnum frá 28. apríl 1947 hafi verkamönnum verið áskilið 45 mínútum lengra kaffihlé miðað við sólarhring heldur en ákveðið hafi verið í samningi Þróttar. Þá hefjist næturvinna á Siglufirði samkvæmt þeim samningi ekki fyrr en kl. 22, en eftir aprílsamningnum hafi hún átt að hefjast kl. 19, eða þrem stundum fyrr. Heldur stefnandi því fram, að greint ákvæði samningsins frá 28. apríl 1947

feli í sér hlunnindi verkamönnum til handa, en samkvæmt 3. málsgr. samkomulagsins frá 5. júlí eigi hlunnindi að haldast óbreytt.

Þá rökstýður stefnandi og umræddar kröfur sínar með því, að það muni eigi hafa verið ætlunin með greindu samkomulagi að skerða rétt þann, sem einstök verkalýðsfélög höfðu áunnið sér með sérstökum samningum við einstakar síldarverksmiðjur.

Stefndi hefur krafizt þess, að hann verði algerlega sýknadur af öllum kröfum stefnanda. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Sýknukröfuna reisir stefndi á þeim grundvelli, að lengd og fjöldi kaffihléa og skipting vinnudags geti ekki talist til hlunninda, heldur falli beint undir kaup og kjör. Samkvæmt samkomulaginu frá 5. júlí 1947 hafi samningar um kaup og kjör í tilteknum síldarverksmiðjum, þar á meðal í verksmiðjunni á Dagverðareyri, átt að færast til samræmis við samninginn milli Síldarverksmiðja ríkisins og Þróttar. Þetta hafi verið gert með samningnum milli hans og stefnanda frá 28. júlí 1947. Með þeim samningi hafi kaupið á Dagverðareyri verið hækkað upp í það kaup, sem gilti á Siglufirði, og telur stefndi það hafa verið verulega forsendu af sinni hálfu fyrir þeirri hækkun, að sömu kjör giltu á báðum stöðunum um kaffihlé og skiptingu vinnudags.

Það þykir verða að fallast á það hjá stefnanda, að ákvæði um kaffihlé í vinnutíma teljist til hlunninda. Eins og áður hefur verið greint skyldu, samkvæmt 3. málsgrein samkomulagsins frá 5. júlí 1947, ákvæði um hlunnindi í samningum milli einstakra verksmiðja og verkalýðsfélaga haldast óbreytt. Hefur stefnandi því átt rétt á að fá inn í samninginn frá 28. júlí 1947 ákvæði um jafnmarga og jafnlanga kaffitíma og áður hefur verið um samið í samningi aðiljanna frá 28. apríl 1947. Ber því að taka kröfu hans til greina að þessu leyti.

Ákvæði aprílsamningsins um skiptingu sólarhrings í vinnutímabil (dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu) ber að skoða sem ákvæði um kaup, þar sem greiða skal mismunandi fjárhæð fyrir vinnu þá, sem í té er látin, eftir því á hvaða vinnu-

tímabili unnið er. Samkvæmt samkomulagi frá 5. júlí 1947 skyldu, svo sem áður greinir, samningar um kaup í nokkrum síldarverksmiðjum, m. a. verksmiðjunni á Dagverðareyri, færast til samræmis við samninginn milli Síldarverksmiðja ríkisins og Þróttar, þannig að sama kaup gildi í verksmiðjunum og á Siðlufirði. Verður að skilja ákvæði þetta á þá leið, að samræmingin á kaupi skyldi framkvæmd, hvort sem hún hefði í för með sér hækkun eða lækkun kaupsins frá því sem ákveðið hafði verið í eldri samningum. Af framansögðu er það ljóst, að krafa stefnanda, um að fá inn í samning aðiljanna frá 28. júlí 1947 ákvæði samningsins frá 28. apríl s. á. um skiptingu sólarhringsins í vinnutímabil, hefur ekki við rök að styðjast og verður því ekki tekin til greina.

Að því er varðar kröfu stefnanda um að stefnda verði dæmt skylt að bæta verkamönnum það tjón, sem þeir hafa beðið af því að vinna eftir samningnum frá 28. júlí 1947, svo úr garði gerðum, sem raun varð á, þá skortir í málinu alla greinargerð fyrir kröfu þessari, eins og hún er orðuð í stefnu. Vegna þessa skorts á greinargerð fyrir kröfunni er ekki unnt að taka afstöðu til réttmætis hennar, og ber því að vísa henni frá dómi.

Eftir þessum úrslitum og öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreindri skaðabótakröfu vísast frá dómi.

Stefnanda, Verkamannafélagi Glæsibæjarhrepps, bar réttur til að fá inn í samninginn við stefnda, Síldarbræðslustöðina á Dagverðareyri h/f, frá 28. júlí 1947, ákvæði um jafnmarga og jafnlanga kaffitíma og verið höfðu áður samkvæmt samningi milli aðiljanna frá 28. apríl 1947.

Málskostnaður fellur niður.
